

Stofnanavætt ofbeldi gagnvart fötluðum konum

Helga Baldvins- og Bjargardóttir, starfskona hjá Stígamótum

25. NÓVEMBER 2014



Kynbundið ofbeldi er ein stærsta heilsufarsógn kvenna hvar sem er í heiminum. Fatlaðar konur er í enn meiri áhættu á að verða fyrir slíku ofbeldi. Er það eðlileg afleiðing þess að vera með skerðingu eða sjúkdóm eða er eitthvað í umhverfinu eða menningunni sem ýtir undir að sumir hópar samfélagsins verða fyrir meira ofbeldi en aðrir?

Í maí á þessu ári buðu Stígamót Kerstin Kristensen hingað til lands að fjalla um ofbeldi gagnvart fötluðum konum.

Fyrirlestrar hennar voru áhrifaríkir og stuðandi. Hún sagði okkur hvernig kona með sykursýki var stundum látin velja á milli þess að totta manninn sinn eða fá adrenalín sprautuna sína.

Hann beitti hana kynferðisofbeldi með því að nýta sér sjúkdóm hennar svo hún þurfti að velja milli lífs og dauða. Kerstin sagði okkur líka frá konunni sem var í hjólastól en var alltaf að lenda á spítala eftir að hafa hrasað um og dottið. Þegar maðurinn hennar, sem einnig var í hjólastól, féll frá, hætti konan skyndilega að lenda inn á spítala. Það datt engum í hug að fatlaður maður gæti verið að beita fatlaða konu sína ofbeldi.

Kerstin sýndi okkur einnig tvær stuttmyndir af fimm sem allar fjalla um mismunandi ofbeldi gagnvart ólíkum hópum af fötluðum konum. Þessar áhrifaríku stuttmyndir segja meira en mörg orð og eru til þess fallnar að vekja fólk til umhugsunar um stöðu fatlaðra kvenna í samfélaginu.

Ofbeldi snýst um misbeitingu valds.

Ofbeldismenn njóta þess að hafa stjórn og niðurlægja aðra til að upphefja sjálfa sig. Við búum í samfélagi sem skapar kjöraðstæður fyrir ofbeldismenn til að herja á og níðast á fötluðum konum. Skortur á nauðsynlegri þjónustu, og skortur á því að hafa eitthvað um það að segja hver veitir þjónustuna, hvenær eða hvernig, býr til valdaójafnvægi sem þarf ekki að vera til

staðar.

Í kvöld kl. 20:00 munu Stígamót standa fyrir bíókvöldi þar sem allar fimm stuttmyndirnar verða sýndar. Sýningartíminn er um hálf tími og verður boðið upp á umræður eftir hverja mynd.

Verið hjartanlega velkomin!

Samvinna, samhljómur, samtakamáttur

Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

25. NÓVEMBER 2014



Í dag er alþjóðlegur baráttudagur Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Hann markar upphaf hins árlega 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi.

Í þetta sinn viljum við hjá landsnefnd UN Women bjóða ykkur að koma og taka þátt í verki Ragnheiðar Hörpu, *Skínöldu*, þar sem við munum í krafti samvinnu, samhljóms og samtakamáttar mynda ljósaöldu og senda með henni jákvæða strauma út í heim. Til að magna upplifun okkar og kraft munu kórar bæta hljómi við ferðalag ljóssins. Verkið verður myndað úr lofti og mun þannig lifa áfram á öldum ljósvakanna. Gjörningurinn tekur 10 mínútur og að honum loknum verður boðið upp á kakó og góða samveru.

Verkefni UN Women *Öruggar borgir* nær til 17 borga og þeirra á meðal er Reykjavík. Markmið verkefnisins er að skapa konum, unglingum og börnum öruggt líf án ótta við ofbeldi í almenningsrýmum og er það unnið í samstarfi við borgaryfirvöld og frjáls félagasamtök á hverjum stað. Leitast er eftir að auka öryggi, koma í veg fyrir og/eða draga úr ofbeldi, virkja og efla kvennasamtök og talsmenn barna og móta þannig öruggt og traust umhverfi fyrir alla. Borgir sem þegar hafa náð miklum árangri með verkefninu eru t.d Kaíró, Nýja Delí, Port Moresby og Kígálí.

Við getum ekki litið fram hjá því að kynbundið ofbeldi er hnattrænt vandamál. Konur í vestrænum löndum jafnt sem í löndum fjær okkur hafa flestar upplifað kynferðislega áreitni og þekkja óttann við að verða fyrir kynbundnu ofbeldi. Birtingarmyndir vandamálsins eru ólíkar milli landa og lausnirnar oft svæðisbundnar.

Í könnun sem UN Women stóð fyrir kom í ljós að 95% kvenna í Nýju Delí og 99,3% kvenna í Kaíró hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Það er mikið áhyggjuefni að í sömu könnun töldu 3 af hverjum 4 karlmönnum í Nýju Delí að konur bæru sjálfar ábyrgð á ofbeldinu ef þær væru einar á ferð í myrkri eða væru í tilteknum klæðnaði. Í Nýju Delí og Port Moresby hafa konur krafist borgaryfirvöld um að hafa sérstaka kvennastrætóa gangandi á álagstímum til að forðast áreiti karlmanna í troðnum vögnum. Einnig er átak í báðum borgum til að lýsa upp strætisvagnastöðvar, almenningsklósett og gönguleiðir sem og að breikka gangstéttir. Í Rio de Janeiro hefur verið búið til sérstakt snjallsímaforrit til að veita þolendum ofbeldis í fátækrahverfum upplýsingar um hvar næsta lögreglustöð, neyðarmóttaka og kvennaathvarf eru. Þetta eru dæmi um ódýrar og áhrifaríkar lausnir.

Hugarfarsbreyting er þó mikilvægasta markmiðið í baráttu okkar fyrir samfélagi þar sem konur, unglingar og börn eru fullgildir og öruggir þátttakendur. Við hjá UN Women skorum á þig að sýna málstaðnum samstöðu í kvöld og verða hluti af ljósöldu gegn kynbundnu ofbeldi sem fer af stað frá Klambratúni kl 17.15!

Sjáumst í kvöld!

Okkar sögur

Cynthia Trililani, í Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og meistaranemi í menntunar- og kynjafræði.

26. NÓVEMBER 2014



Á síðustu árum hef ég kynnst mörgum hugrökkum konum sem voru nógu sterkar að vilja deila sögum sínum með mér. Þetta eru sársaukafullar sögur sem flestir myndu frekar vilja gleyma og bæla djúpt niður. Þessar konur eru af erlendum uppruna, sem stuðlar enn frekar að því að þjáningar þeirra eru þaggaðar niður. Þegar þessar konur urðu fyrir kynferðislegu, líkamlegu og andlegu ofbeldi upplifðu þær skort af stuðningi frá fjölskyldu og vinum. Þær gátu hvergi farið og höfðu fáa til að leita til eftir stuðningi og húsaskjóli. Fjárhagslegt ósjálfstæði, börn og fjölskylduskyldur, menningargildi, ótti, sektarkennd og skömm gerir það að verkum að þessar konur hafa enn færri valkosti og neyðast þær til að þjást í þögn, óviljugar eða ófærar um að viðurkenna að þær hafa stórt vandamál á herðum sér sem erfitt er að flýja.

Því miður eru þessar sögur alltof algengar. Það eru fjölmargar konur sem hafa gengið í gegnum svipaða reynslu. Og það er ekki alltaf auðvelt að sjá vísbendingar um ofbeldi eða áreitni, sérstaklega vegna ofbeldis sem skilur ekki eftir sig marbletti eða líkamleg sár. En ósýnilegir áverkar verða eftir, tilfinningaleg og andleg sár sem sitja lengi og sem hafa gríðarlega truflandi afleiðingar á líf einstaklings og breyta hans eðli.

Hver og einn einstaklingur hefur sína sögu. Það eru margar ástæður fyrir því að deila þeim ekki. Algengasta er val til að þjást í þögn og til að reyna á hvar mörkin liggja varðandi eigið bjargráð. Eftir allt saman eru þrjú erfiðustu orðin sem maður getur sagt í lífinu: Ég þarf hjálp.

Að biðja um hjálp reynist erfitt verkefni fyrir sumt fólk. Við verðum að læra að hlusta þau orð sem liggja ósögð undir yfirborðinu. Við verðum að vera meðvitaðri um það sem er að gerast í kringum okkur. Ekki vera hrædd við að spyrja spurninga. Ekki vera hrædd við að vera forvitin. Ekki vera hrædd við að stíga fram. Ofbeldi og áreitni getur komið fyrir alla, fyrir fólk sem við þekkjum og fyrir fólk sem við elskum. Lærðu sögur af fjölskyldunni, vinum,

vinnufélögum, skólafélögum, kunningjum. Við þurfum ekki að gera eitthvað óvenjulegt til að bjarga eða hjálpa einhverjum. Mjög eðlilegar athafnir eins og að spyrja og hlusta eru góð byrjun.

Ef þú ert brotþoli misnotkunar eða áreitins, ekki vera hrædd við að segja þína sögu. Stattu upp og talaðu hátt. Þögnin er sjaldnast góð lausn á þjáningu okkar. Sagan þín, sögur okkar geta skipt sköpum. Hreinskilni, eða í vissum skilningi varnarleysi, er ekki veikleiki - það eru dyr sem hjálpa okkur að taka á móti þeirri aðstoð sem við þurfum.

Opið bréf til ofbeldismanns

Sigrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

27. NÓVEMBER 2014



Þegar ég tala um ofbeldi tala ég oftast við konuna sem þú beitir ofbeldi. Eða við foreldra hennar og vini eða fagfólk og stjórnvöld um ofbeldið sem þú beitir. En ég tala eiginlega aldrei við þig. Ég hef fengið innsýn í líf þitt í gegnum konuna þína. Vissulega heyri ég bara aðra hliðina, þú átt eftir að benda mér á það og líklega nefna í leiðinni að hún sé snargeðveik og lygin. Mér nægir að hitta hana og heyra sögur úr lífinu hennar. Ég veit að hún er oft þreytt og kvíðin og að stundum finnst henni þetta allt vonlaust. Sem betur fer veit ég líka að hún er sterk þó henni finnist það ekki sjálfri. Ég veit að hún vonar að lífið verði betra. Ég veit að hún hittir vinkonur sínar ekki eins oft og áður, eiginlega er hún hætt að gera margt af því sem henni þótti skemmtilegast, varstu búinn að taka eftir því? Ég veit, afsakaðu að ég hegg svona nærri, að henni líður ekki vel í kynlífinu. Að oft finnst henni það ekki vitund gott en segir ekki neitt því hún er hrædd.

Ég veit að hún vonar að ofbeldið bitni ekki á börnunum ykkar. Ég held að þið vonið það bæði og trúið því líklega að þau taki ekki eftir neinu. Því miður segja rannsóknir að það séu litlar líkur á því að þetta sé rétt hjá ykkur, börn vita miklu meira um það sem fer fram heima hjá þeim en við höldum.

Ég veit að margir velta því fyrir sér af hverju hún fer ekki frá þér en mér er það meiri ráðgáta af hverju þú gerir þetta. Hvernig þú getur dregið andann eftir að hafa sparkað í hana, hrækt á hana eða kallað hana viðbjóðslega hóru.

Ég veit að þú iðrast þess þegar þú hefur verið sem verstur. Að þú skælist jafnvel og lofar að gera þetta aldrei aftur. Og ég held að þú meindir það á þeirri stundu.

Það er til hjálp fyrir þig. Til dæmis meðferðarúræðið Karlar til ábyrgðar og raunar alls konar fagfólk sem gæti hjálpað þér við að læra að verða öðruvísi og jafnvel standa við loforðið um að síðasta skipti sem þú beittir konuna þína ofbeldi verði í rauninni það síðasta. Það verður erfitt en ég held að það gæti verið þess virði.

Ekki viltu í alvörunni vera svona?

Önnur orðsending til íslenskra karlmannna

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, bókmenntafræðingur og framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

28. NÓVEMBER 2014



Fyrir réttu ári skrifaði vinkona mín og stjórnarkona í Kvenréttindafélagi Íslands, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, opið bréf í tilefni af alþjóðlegu sextán daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Greinin bar yfirskriftina „Orðsending til íslenskra karlmannna“ og olli töluverðu fjaðrafoki.

Nei, segjum hlutina eins og þeir eru. Gerður var aðsúgur að Hrafnhildi. Mörg hundruð athugasemdir voru skrifaðar á hina og þessa miðla um að hún gengi ekki heil til skógar, að hún væri öfgafullur kvenforréttindasinni, að hún ætti nú bara að þegja og gera sér grein fyrir því að karlar séu mun meiri fórnarlömb ofbeldis en konur. Ofsóknirnar áttu sér ekki einungis stað á veraldarvefnum. Hún fékk send persónuleg skilaboð og hringt var í vinkonur hennar til að reyna að komast að því hvar hún ætti heima.

Hvað sagði Hrafnhildur sem kom við kaunin á svona mörgum? Hún sagðist ávallt vera vör um sig, passa sig á því hvernig hún klæddi sig, hvert hún færi og með hverjum, allt til að minnka líkurnar á kynferðisofbeldi. Hún lýsti þeim ótta og óöryggi sem flestar, ef ekki allar, konur upplifa og sagði þetta skerða frelsi kvenna.

Og Hrafnhildur dirfðist að gera eitthvað sem konur virðast ekki mega gera. Hún kallaði menninguna sem fóstrar ofbeldi karla gegn konum ógnarstjórn, ávarpaði karlmenn og benti þeim á ábyrgð þeirra að breyta þessari menningu.

Vitið þið hvað. Ég, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, tek undir með Hrafnhildi í einu og öllu.

Það er ógnarstjórn að búa í samfélagi þar sem 87% lögregluþjóna eru karlar. Það er ógnarstjórn að búa í samfélagi þar sem á sama tíma og 248 mæta í Neyðarmóttöku vegna nauðgunar og 1.086 leita aðstoðar hjá Stígamótum eru aðeins 189 kynferðisbrot tilkynnt til lögreglu, 88 málum vísað til ríkissaksóknara, 31 ákæra gefin út og 23 sakfellingardómar felldir. Og það er ógnarstjórn að búa í samfélagi þar sem 42% kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu karla, þar sem 24% kvenna hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu karla, þar sem 4% kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu karla á undangengnum 12 mánuðum.

Kæru karlmenn, leggist á eitt með okkur konum að uppræta þessa ógnarstjórn svo við getum saman skapað betra samfélag.

Þurfa gerendur ekki líka aðstoð?

Sædís Steinólfsdóttir, nemi á sjúkraliðabraut í VMA

29. NÓVEMBER 2014



Ofbeldi þótti feimnismál áður fyrr en nú hefur þetta málefni verið meira í umræðunni og er fólk upplýstara en áður og lætur í ljós skoðanir sínar og segir reynslusögur. Oftast eru það þolendur sem koma fram í viðtölum, skrifa greinar á fréttaveitum, bloggum eða deila sögum sínum á Facebook – þetta er eitthvað sem þarf gífurlegan kjark til þess að gera og ber ég mikla virðingu fyrir þeim. Nú þegar 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi stendur yfir munu þessi málefni líklega vera meira í umræðunni en áður.

Hingað til hef ég einungis heyrt um úrræði fyrir þolendur og aðstandendur þeirra. Hvers vegna er ekki meira fjallað um úrræði fyrir gerendurna? Líklega er það vegna þess að það eru fordómar í samfélaginu gagnvart körlum sem beita ofbeldi – þeir eru kallaðir illum nöfnum og dæmdir harkalega. Ekki misskilja mig, ég stend ekki með gerendum en mér finnst samt sem áður að þeir eigi jafn mikinn rétt á að fá hjálp við vandamálum sínum og þolendur.

Á Íslandi er ekki mikið sem stendur til boða fyrir þennan hóp. Eina meðferðarúrræðið sem sérhæfir sig í málum fyrir karla sem beita ofbeldi er: Karlar til ábyrgðar (KTÁ).

Ég heimsótti Kristján Má Magnússon sálfræðing sem sér um verkefnið fyrir hönd KTÁ á Akureyri og spjallaði við hann í dágóða stund. Hann er sá eini á Akureyri sem sérhæfir sig í þessum málum. Síðan meðferðin byrjaði í desember 2012 hafa 15 karlar leitað til hans.

Á höfuðborgarsvæðinu og hér á Akureyri hafa orðið miklar framfarir og dregið hefur verulega úr ofbeldi og í sumum tilfellum hefur engu ofbeldi verið beitt eftir að meðferð hófst. Ljóst er að gerendur þurfa aðstoð við úrlausn vandamála sinna og því mikilvægt að viðeigandi úrræði standi þeim til boða. Einnig er brýnt að fólk átti sig á því að gerendur þurfa á hjálp að halda þrátt fyrir að hafa brotið af sér.

Hægt er að kynna sér betur úrræðið Karlar til ábyrgðar á heimasíðu þess,

<http://www.karlartilabyrgdar.is/>

„Friður í heiminum byrjar heima“

Sigrún Sigurðardóttir. Lektor við heilbrigðisvísindasvið HA

29. NÓVEMBER 2014



Heimilisfriður – heimsfriður - 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Eftir að hafa rannsakað afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í áratug, sé ég að það skiptir ekki öllu máli hvers konar ofbeldi á sér stað, ofbeldi er alltaf ofbeldi; kynferðislegt, líkamlegt, andlegt eða einelti. Afleiðingarnar eru þær sömu; niðurbrot líkama, huga og sálar.

Flestir sem tekið hafa þátt í mínum rannsóknum segja frá reynslu sinni af fleiri en einni tegund ofbeldis, eitt áfall, sem ofbeldi er, virðist „kalla á“ annað áfall. Ofbeldi í æsku eykur líkurnar á endurteknu ofbeldi síðar á lífsleiðinni, ef ekki er gripið inn í.

Kynferðislegt ofbeldi í æsku brýtur niður sjálfsmyndina, barnið hættir að treysta, ef ofbeldið á sér stað heima á barnið ekki öruggt skjól, á jafnvel enga vini þar sem það dregur sig í hlé eða er vandamálabarnið. Þetta barn er ákjósanlegt fórnarlamb eineltis, auðvelt að „taka það fyrir“, það verður seinna berskjaldað fyrir annars konar ofbeldi. Niðurbrotið birtist í alls kyns flóknum heilsufarsvandamálum, oft óútskýrðum.

Baráttan gegn ofbeldi verður að byrja með forvörnum strax í bernsku. Byssukaup lögreglunnar og verkfall lækna hefur verið á allra vörum, allir rísa upp. Hvað með forvarnir? Forvarnir gegn ofbeldi til þess að barn verði ekki að glæpamanni sem ógnar lögreglunni svo að hún þurfi að vopnast. Forvarnir gegn ofbeldi til þess að fólk þurfi ekki að leita ítrekað til lækna vegna afleiðinga ofbeldis. Hefjum baráttuna þar, rísum líka upp í „meðmælum“ með forvörnum.

Mikilvægt er að efla menntun og þekkingu fagfólks sem í starfi sínu kemur að slíkum málum. Nú stendur yfir meistaranámskeið við Háskólann á Akureyri: Sálræn áföll, ofbeldi og áfallastreita með rúmlega 50 nemendum af öllu landinu, áhugi fagfólks er til staðar.

Námskeiðið byggir á þverfaglegri og heildrænni sýn á sviði heilbrigðisvísinda, félagsvísinda,

menntavísinda og laga. Fjallað er um einkenni og afleiðingar sálrænna áfalla, ofbeldis og áfallastreitu fyrir líkama, huga, sál og félagslegt umhverfi. Einnig er fjallað um leiðir til úrvinnslu með þverfaglegri samvinnu, heilbrigðis- og menntastofnana, lagakerfisins og stjórnsýslunnar.

Margt jákvætt hefur því gerst og alltaf er von. Til þess að gera enn betur verðum við að byrja á okkur sjálfum, taka til í okkar eigin garði áður en við gagnrýnum illgresið í garði nágrannans. Við verðum að kenna börnum hvað sé rétt og rangt, styrkja þeirra sjálfsmynd svo að þau verði síður fyrir ofbeldi eða beiti síður ofbeldi og hafi traust til þess að SEGJA FRÁ.

Ég vitna í orð Jóns Gnarr: „Friður í heiminum byrjar heima og við eigum mjög fallett orð yfir það á íslensku; heimilisfriður.“

Heppin

Auður Inga Rúnarsdóttir starfsnemi hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands

02. DESEMBER 2014



Dagana 25. nóvember til 10. desember stendur yfir 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Ég er í starfsnámi hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands sem heldur utan um átakið á höfuðborgarsvæðinu, og hef því fylgst vel með átakanu.

Aukin innsýn mín í málefnið hefur gert mér dálítið ljóst. Ég er heppin. Ég er heppin vegna þess að ég hef ekki orðið fyrir alvarlegu kynbundnu ofbeldi. Vissir þú að tölfræðilega séð þá er þessi staðhæfing rétt? Ég er heppin að hafa ekki orðið fyrir alvarlegu ofbeldi vegna kyns míns. Þá er ekki þar með sagt að ég hafi aldrei orðið fyrir óviðeigandi áreitni, óþægindum eða

ofbeldi af neinu tagi.

Ég hef verið hunsuð, færð til, kallað hefur verið á mig, mér kennt um að vera kynköld þegar ég sýni ekki nægan áhuga og kölluð drusla þegar ég sýni of mikinn áhuga. En ég hef ekki orðið fyrir líkamlegu eða sálarlegu tjóni sem hefur fylgt mér eða haft alvarleg áhrif á mig, og þess vegna er ég heppin.

Ég veit ekki með þig, en mér finnst það óhugnanlegt. Vissir þú að 42% kvenna eru ekki jafn „heppin“ og ég? Vissir þú að ein af hverjum fjórum konum hefur verið beitt kynferðislegu ofbeldi og tvær af hverjum fimm konum hafa verið beittar kynbundnu ofbeldi í einhverri mynd? Þetta eru ekki einhver illvirki sem gerast órafjarri og maður les um á netinu. Þetta er ekki að gerast í annarri vídd, öðru bæjarfélagi eða öðrum vinnustað. Kynbundið ofbeldi á sér stað í okkar nánasta umhverfi, og í okkar vinahópum og fjölskyldum eru konur (ft.) sem hafa orðið fyrir því. Konur sem eru ekki „heppnar“.

Þessu vil ég breyta. Ég get bara vonað að 16 daga átakið og greinarnar hafi áhrif og veki umræður í samfélaginu. En þú, þú getur gert vonir mínar að veruleika. Þú getur rætt viðkvæmu málefni. Þú getur spurt vini og kunningja hvort allt sé í lagi þegar þú ert í vafa. Þú getur gert heiminn örlítið betri með því að auðvelda umræðu um kynbundið ofbeldi. Ábyrgðin á ofbeldinu er gerandans. Ábyrgðin á þögguninni er okkar allra. Aukin umræða auðveldar þolendum jafnt sem gerendum að stíga fram og leita sér hjálpar. Með þessu móti getum við haft áhrif og dregið úr kynbundnu ofbeldi.

Mér finnst rangt að eftirfarandi staðhæfing sé sönn: Ég er heppin vegna þess að ég hef ekki orðið fyrir alvarlegu ofbeldi vegna kyns míns. Ef þú ert sammála mér, leggðu þitt af mörkum og opnaðu umræðu um kynbundið ofbeldi.

Hlutverk karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi

Hjálmar G. Sigmarsson, ráðgjafi á Stígamótum

03. DESEMBER 2014



Á síðastliðnum árum hefur aukist krafan um þátttöku karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Þessi krafa hefur orðið æ háværi undanfarin misseri og komið reglulega fram í tengslum við átök eins og 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi og Druslugönguna. Í stuttu máli felst hugmyndin í því að til þess að takast á við mál eins og kynferðisofbeldi gegn konum, þá sé lykilatriði og mikilvægt skref, að virkja karlmenn í þeirri umræðu og framkvæmd. Þannig sé hægt að takast á við þætti í menningu karlanna sem ýtir undir eða gerir ofbeldi og mismunun gegn konum mögulega.

Þetta hefur leitt af sér að karlmenn eru sýnilegri í þessari umræðu og fleiri karlmenn hafa tekið virkan þátt með greinaskrifum og þátttöku í ýmsum átökum. Þar af leiðandi er hægt að segja að það sé aukinn samhljómur um mikilvægi þess að karlmenn séu sýnilegir í þessari umræðu, þó að það hafi líka birst hávær mótspyrna við þessari hugmynd. Mótspyrna sem meðal annars lítur á umræðuna sem árás á karlmenn almennt og gerir lítið úr ábyrgð karla í umræðunni um ofbeldi gegn konum.

En í hverju felst þátttaka karla? Er nóg að karlmenn segi að þeir séu á móti nauðgunum, kynferðislegri áreitni og ofbeldi í nánnum samböndum? Dugar það að við karlmenn skrifum nokkrar greinar og mætum á opinbera viðburði, eða setjum á okkur barmmerki sem styður þessa baráttu? Getur þátttaka karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi til dæmis verið alfarið á

forsendum karla?

Stígamót standa fyrir morgunverðarfundum þar sem hlutverk karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi verður tekið fyrir og reynt verður að svara þessum spurningum. Fjallað verður meðal annars um áherslur, tækifæri, aðferðir og hættur, þegar virkja á karlmenn á þessum vettvangi. Af þessu tilefni mun ég kynna niðurstöður úr nýlegri MA-rannsókn minni í kynjafræði, sem fjallar um reynslu ungra íslenskra karlfemínista. Í rannsókninni kemur skýrt fram hversu mikilvæg umræðan er um kynferðisofbeldi gegn konum. Einnig munu fara fram pallborðsumræður, þar sem Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands, Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við Háskóla Íslands, og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir rithöfundur munu ræða hvað þátttaka karla felur í sér frá ýmsum sjónarhornum.

Morgunverðarfundurinn verður fimmtudaginn 4. desember, frá klukkan 8:15 til 10:00 í nýju húsnæði Stígamóta á Laugavegi 170, 2. hæð. Morgunverður hefst klukkan 8:15 og fyrirlesturinn byrjar kl. 8:45. Frítt inn. Verið velkomin!
Hjálmar starfar sem ráðgjafi á Stígamótum. Stígamót taka á mótum öllum einstaklingum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og aðstandendum þeirra.

Að heila ofbeldisreynslu

Sandra Sif Jónsdóttir, jógakennari og meistaranemi í heilbrigðisvísindum við HA

04. DESEMBER 2014



Það væri draumur að búa í samfélagi þar sem ekkert ofbeldi þrífist. Því miður er staðreyndin þó sú að mörg okkar verða fyrir því á lífsleiðinni að vera beitt ofbeldi. Það hefur oftast mikil áhrif á tilfinningalífið, sjálfsmyndina og tengslin við aðra.

Viðbrögð við ofbeldi eru oftar en ekki reiði, ótti, óöryggi, vantraust, sjálfsásökun, sorg, sjálfshatur og fleiri álíka tilfinningar. Þótt þetta séu eðlileg viðbrögð verður að forðast að leyfa þess konar tilfinningum að skjóta rötum til að þær fari ekki að hafa áhrif á lífsgleði og hamingju. Það þarf að læra að umbreyta sársaukanum svo hann nái ekki tökum á okkur og

komi í veg fyrir að við njótum lífsins í góðum tengslum við okkur sjálf og aðra.

Hvernig getum við hjálpað?

Polandi ofbeldis gerir best í því að standa með sjálfum sér og forðast sjálfsásakanir. Hann verður að læra að færa ábyrgðina yfir á gerandann þannig að sjálfið nái sér að fullu og sjálfið grói sára sinna.

Þetta eru góð ráð en hvernig getum við sem samfélag hjálpað þeim sem orðið hafa fyrir ofbeldi til að takast á við erfiða og sára reynslu? Þótt svarið geti hljómað einfalt er það ekki alltaf jafn auðvelt í framkvæmd. Eitt af því sem einkennir okkur mannfólkið er þörfin fyrir stuðning, það að vita að einhverjum er ekki sama og að einhver standi við bakið á okkur. Við erum öll tilfinningaverur og þörfnumst kærleika og umhyggju.

Þeir sem hafa orðið fyrir ofbeldi þurfa á miklum stuðningi að halda. Þeir þurfa að vita að þeir eru ekki einir á báti og að einhver er tilbúinn til að veita þeim stuðning. Þeir þurfa að finna samkennd og nauðsynlegt er að ábyrgðinni á ofbeldisverkinu sé ekki velt yfir á þolandann. Þetta ættum við sem samfélag, sem vinir og sem fjölskylda að gera óháð því hvers kyns ofbeldisverkið var, óháð aðstæðum, óháð geranda og þolanda, óháð því hverju þolandinn klæddist, hvað hann sagði, hvað hann gerði og svo framvegis. Að valda einhverjum sársauka án óþvingaðs samþykkis þess sem fyrir verður tekur sér bólfestu í huga og líkama og getur valdið ómældum skaða.

Með því að sýna þolandum stuðning og samkennd stuðlum við að heilun þeirra. Við eflum þá til að takast á við eigin reynslu, lifa án sektarkenndar og sjálfsásökunar. Það þarf oft meira til en ég tel að hér sé gott að byrja.

Hvernig hinsegin fólk er fórnarlömb kynbundins ofbeldis

Ásta Lovísa, nemi í HÍ og fulltrúi í Félagi ungra jafnréttissinna

05. DESEMBER 2014



Þegar spurt er hvað felst í kynbundnu ofbeldi þá þykir liggja í augum uppi hvað um ræðir. Karlar sem meiða konur. Einfalt svar innan tvíþóla kynjakerfis. Hins vegar er kynbundið ofbeldi örlítið flóknara. Á meðal fórnarlamba leynast fleiri; transfólk, samkynhneigðir og einstaklingar úr öðrum hópum sem ekki falla innan ramma tvíþóla kynjakerfisins og gagnkynhneigðrahyggju. Að vissu leyti er ofbeldið sem þessir einstaklingar verða fyrir kynbundið ofbeldi.

Dagleg tilvera okkar er skipulögð samkvæmt kúnstarinnar reglum; sumar þeirra hjálpa til við framgang samfélagsins, en aðrar gera lítið annað en að halda aftur af okkur. Dæmi um eitt af því síðarnefnda er tvíþóla kynjahyggja og hið gagnkynhneigða regluveldi sem hafa þróað gríðarlega gagnkynhneigðrarembu og kynvitundarfordóma í samfélaginu. Þó að þessi hugtök séu afar óþjál þá eru þau lýsandi fyrir kerfi sem stór partur af samfélaginu hlýðir hugsunarlaust.

Í huga manneskju sem þjáist af gagnkynhneigðrarembu er fólk með hneigðir til sama kyns brotlegt; brotið felst í því að annar aðilinn í samkynja sambandi hljóti að vera að taka að sér hlutverk hins gagnstæða kyns því að sambönd þurfi að vera samsett af karli og konu. Þetta þykir brotleg hegðun því að karlmenn eiga ekki að lækka sig niður í kvenlegt athæfi og konur þykja ekki nógu góðar til að taka að sér karlmannleg hlutverk. Á sama hátt réttlætir gagnkynhneigðraremba ofbeldi gegn transfólki þar sem staðalmyndir kynjanna eru meitlaðar í stein og allir þeir sem voga sér að hrófla við þeirri valdaskipan sem ákvörðuð er strax við fæðingu skulu gjöra svo vel að þjást fyrir það. Það ætti að vera ljóst að óttinn sem hinsegin fólk vekur hjá þeim sem halda í svarthvíta valdaskiptingu heimsins er rekinn áfram af hreinu og beinu kvenhatri.

Þess vegna er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að gagnkynhneigðraremba og kynvitundarfordómar eru greinar af því stóra tré sem kvenfyrirlitning er, og ofbeldi gagnvart þessum hópi telst kynbundið ofbeldi. Því verða þessi vandamál ekki leyst fyrir en kvenfyrirlitning og kynbundið ofbeldi hefur verið upprætt. Þannig er ráðist að rót vandans í stað þess að sníða nokkrar greinar af, sem myndu vafalaust vaxa aftur áður en langt um liði.

Innleiðum Istanbúlsamninginn

Kristín Ásgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

06. DESEMBER 2014



Árið 2011 lauk vinnu við gerð Samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Samningurinn er kenndur við borgina Istanbúl þar sem hann var formlega samþykktur. Nú hafa 14 ríki innleitt samninginn, sem þýðir að gripið hafi verið til nauðsynlegra aðgerða þannig að fullnægjandi teljist til að fullgilda hann. Ísland hefur enn ekki lokið því verki en hinar Norðurlandþjóðirnar eru ýmist búnar að því eða rétt að ljúka innleiðingu. Fleiri ríki munu bætast í hópinn á næstunni.

Istanbúlsamningurinn er viðamikill samningur sem beinist að því að fyrirbyggja og kveða niður hin ýmsu og ótrúlega útbreiddu form ofbeldis gegn konum. Orðið kona nær samkvæmt samningnum einnig yfir „stúlkur undir 18 ára aldri“ þannig að samningurinn verndar þær sem og fullorðnar konur. Hann kveður á um réttindi brotþola og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða þær sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, fyrirbyggja ofbeldi og bjóða ofbeldismönnum upp á meðferð.

Samningurinn nær yfir nánast allar tegundir ofbeldis, líkamlegt og andlegt, kynferðislega áreitni og umsáturselti (e. stalking) að ekki sé minnst á kynferðisofbeldi þar með taldar nauðganir. Síðan er tekið á sérstökum brotum eins og nauðungarhjóraböndum, limlestingum á

kynfærum kvenna og nauðungarfóstureyðingum. Grundvallaratriði samningsins er að stjórnvöld móti heildstæða stefnu sem nái til allra þeirra þátta sem samningurinn kveður á um.

Engin heildstæð aðgerðaáætlun

Hér á landi er ekki í gildi nein heildstæð aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi, eingöngu áætlun sem snýr að kynferðisofbeldi gegn börnum. Sú fyrsta og eina sem hér hefur verið samþykkt rann út í árslok 2011. Ýmsar aðgerðir eru þó í gangi eins og t.d.

Suðurnesjaverkefnið og samstarfsteymi um heimilisofbeldi en að mínum dómi er þetta ástand óviðunandi. Hinar Norðurlandþjóðirnar eru komnar með þriðju og fjórðu áætlunina enda hafa þær gefið góða raun. Verkefnin hrópa á okkur og umræðu er þörf.

Er það t.d. eðlilegt að það séu félagasamtök sem bera hitann og þungann af ráðgjöf og aðstoð við brotþola? Sitja konur og börn á landinu öllu við sama borð? Kynbundið ofbeldi er ekki síst lýðheilsุมál sem er samfélaginu mjög dýrt og kostar einstaklinga og fjölskyldur, ekki síst börn, miklar þjáningar. Á þeim verður að taka. Istanbúlsamningurinn mun vonandi koma skikki á meðferð mála, treysta forvarnir og tryggja þjónustu við brotþola. Því er brýnt að innleiða hann sem allra fyrst. Ég skora á ríkisstjórn Íslands að spýta í lófana og ljúka nauðsynlegum aðgerðum þannig að hægt verði að fullgilda Istanbúlsamninginn.

Ákall til þjóðar, stöndum vörð um réttindi barna og unglunga

Ragnheiður Rafnsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur, meistaranemi í heilbrigðisvísindum við HA.

07. DESEMBER 2014



Það þykja sjálfsgöð réttindi hvers manns að lifa lífinu laus við ofbeldi. Allir eru fæddir jafnir og eiga jafnan rétt til lífs, óháð litarhætti, kynferði, trúarskoðunum, stjórnmalaskoðunum eða öðrum skoðunum. Árið 1948 var lagður grunnur að alþjóðlegum mannréttindum með Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Börn eiga að njóta sömu réttinda og fullorðið fólk. Með tilkomu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var fullgiltur á Íslandi 1992 og lögfestur í febrúar 2013, börnum var tryggður réttur óháð réttindum fullorðinna. Sáttmálinn miðar að því að tryggja öllum börnum 18 ára og yngri vernd og umönnun ásamt því að vera fullgildir

þátttakendur í samfélaginu.

Miðað við þann fjölda barna sem býr í stríðshrjádum löndum, býr við fátækt, ofbeldi og vanrækslu þá hljóta þau ekki þessa vernd og öryggi. Barn deyr á fimm mínútna fresti í heiminum vegna ofbeldis, milljónir barna búa við ótta og angist og áfallastreita hrjáir þriðjung barna sem beitt hafa verið ofbeldi. Réttindi þessara barna eru ekki virt og ekki er farið að lögum um vernd og umönnun. Þótt mikil og góð vinna hafi átt sér stað undanfarna áratugi sitjum við enn uppi með óviðunandi ástand er varðar réttindi barna og unglunga.

Uppalendum ber samkvæmt lögum að koma afkvæmum sínum á legg, ber að elska þau og virða og tryggja öryggi þeirra. Barn sem fer í gegnum bernskuna með þessa hluti að leiðarljósi kemur til með að treysta á sjálft sig og virða. Barn sem ekki fær ástúð eða öryggi missir trú á sjálfu sér og á erfitt með að treysta öðrum. Til lengri tíma litið fara umtalsverðir fjármunir í t.d. sérfræðiaðstoð, lyfjakostnað ásamt kostnaði vegna vinnutaps hjá einstaklingum. Einstaklingar sem beittir hafa verið ofbeldi í æsku eru líklegri til áhættuhegðunar á borð við áfengis og vímuefnaneyslu sem getur síðan leitt til alvarlegra sjúkdóma.

Raddir barna verða að heyrast hærra, börn og unglingar eru skynsöm og réttsýn og eiga

samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna rétt á því að tala sínu máli og hafa tækifæri til að tjá skoðanir sínar.

Ofbeldi og ill meðferð á börnum og unglingum er ekki einkamál fjölskyldu þolenda, hver og einn þarf að líta í eigin barm og ákveða hvað þeir geti gert til hjálpar. Það er ekki ásættanlegt að sita hljóður og hunsa fréttir af börnum í neyð. Næsta barn gæti verið þitt barn eða þér tengt. Þú getur haft áhrif. Tökum afstöðu og stöndum með börnunum okkar, þau eiga rétt á áhyggjulausri barnæsku, laus við ofbeldi.

Þetta er ákall barna til þjóðarinnar, tökum höndum saman og stöndum vörð um réttindi barna.

Starfsöryggi í víðara samhengi

Lista- og hugsjónahópurinn Barningur

08. DESEMBER 2014



Lista- og hugsjónahópurinn Barningur hefur brennandi áhuga á velferðar- og jafnréttismálum og hefur í sumar beint sjónum sínum að öryggi kvenna í þjónustustörfum. Málefnið leitaði á huga meðlima hópsins í kjölfar tuga sagna sem þeim hafa borist í gegnum facebook-hópinn „Kynlegar athugasemdir“ sem þeir standa að. Ljóst er að kynferðislegt áreiti í garð starfskvenna í þjónustugeiranum er landlægt vandamál sem þarf að taka á. Það er hvorki viðunandi að sá fjöldi sagna sé virtur að vettugi né að hver saga sé afgreidd sem hending. Vandamálið er stórt og það er kerfisbundið.

Konur í þessum störfum verða oft fyrir því að þær eru kyngerðar og líkami þeirra gerður

partur af söluvörunni og þeim er því skipað í aðrar stöður innan fyrirtækja en körlum.

Eðlilegast væri að konur í þjónustustörfum væru boðnar velkomnar til starfa og þeim kynnt réttindi sín innan vinnustaðar, m.a. þeim kynntir fulltrúar í öryggisnefnd vinnustaðarins. Öryggisnefnd skal starfa í fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru fleiri en fimmtíu talsins og hennar hlutverk er að „skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.“ Við hringdum í nokkur af stóru fyrirtækjum landsins og spurðum starfsfólk hvort því hefði verið láttnar þessar upplýsingar í té. Skemmst er frá því að segja að starfsfólkið vissi hvorki um tilvist slíkrar nefndar né hverjir skipuðu hana. Aftur á móti virtist upplýsingagjöfin sem konur fengu í nýliðaþjálfun í grundvallaratriðum felast í útlitskröfum á borð við: „Á þessum stað eru þjónarnir með svona varalit og svona hnút í hárinu, við erum að leita að flugfreyju-lookinu“ og „vertu með maskara og fallega húð en alls ekki of mikið máluð, við viljum að þið séuð náttúrulegar.“

Ljóst er að nánast hver kona sem starfað hefur við þjónustustarf hérlendis hefur orðið fyrir kynferðislegu áreitni og/eða vægast sagt afar lítillækkandi framkomu við sín störf. Þess eru dæmi að konur séu farnar að hrökklast úr þessum geira og ekki er að undra þar sem nánast alltaf þegar þessi atvik koma upp skapast óvissuástand. Engin aðgerðaáætlun er til í kerfinu sem fæst við mál er varða þriðja aðila (viðskiptavini) og sú óvissa sem ríkir í lögum og reglugerðum leiðir óneitanlega af sér óvissuástand á vinnustöðunum sjálfum. Þurfum við ekki að fara að skoða hugtakið „starfsöryggi“ í stærra samhengi og taka félagslega og andlega þætti með í reikninginn? Áttum okkur á að ungrir og óharðnaðir einstaklingar verða í sífellu fyrir áreitni við sín störf með tilheyrandi skaðlegum áhrifum á sjálfsmynd og andlega heilsu.

Setjum spurningamerki við möntruna „Kúnninn hefur alltaf rétt fyrir sér“ sem við höfum kyrjað gagnrýnislaust undanfarna áratugi. Við hljótum a.m.k. að geta sammælst um að kúnninn hefur ekki rétt fyrir sér í þeim tilvikum sem hann áreitir starfsfólk kynferðislega og/eða hefur í frammi lítillækkandi orðræðu í garð þess. Væri í slíkum tilfellum ekki eðlilegast að kúnnanum yrði vísað út svo að starfsfólkið gæti sinnt störfum sínum óáreitt?

Ekkert umburðarlyndi gagnvart ofbeldi

Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við heilbrigðisvísindasvið HA

09. DESEMBER 2014



Ofbeldi er smánarblettur á hverju samfélagi og mikilvægt er að vinna markvisst að útrýmingu þess. Ekkert umburðarlyndi gagnvart ofbeldi var yfirskrift málþings sem Jafnréttisstofa, norræna ráðherranefndin, innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið stóðu nýlega fyrir. Þar var kynnt viðamikil rannsókn sem gerð var á vegum Mannréttindastofnunar Evrópusambandsins á ofbeldi gegn konum í 28 Evrópulöndum (Violence against women: An EU-wide survey. Results at a glance).

Rannsóknarniðurstöðurnar byggjast á persónulegum viðtölum við 42.000 konur í Evrópu og er þetta stærsta rannsókn sem gerð hefur verið á reynslu kvenna af ofbeldi í Evrópu og reyndar á heimsvísu. Konurnar voru á aldrinum 18-74 ára og voru valdar af handahófi. Rannsóknin gefur til kynna að ofbeldi gegn konum sé algengt en falið mannréttindabrot í Evrópu. Mannréttindastofnun Evrópusambandsins hvetur allar þjóðir í Evrópu til að skera upp herör gegn ofbeldi gegn konum og að gera allt sem hægt er til að hindra það.

Í rannsókninni kom meðal annars fram að barnshafandi konur eru sérstakur áhættuhópur en 42% kvenna urðu fyrir ofbeldi meðan þær áttu von á barni. Einni af hverjum 20 konum hafði verið nauðgað frá 15 ára aldri. Um þriðjungur kvenna hafði orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi frá 15 ára aldri. Þá höfðu 27% kvenna þurft að þola einhvers konar líkamlegt ofbeldi af hendi fullorðins einstaklings fyrir 15 ára aldur og 12% kvenna höfðu þurft að þola kynferðislegt ofbeldi í bernsku. Í 97% tilfella kynferðislegs ofbeldis í bernsku var ofbeldismaðurinn karlmaður.

Í mestri hættu

Rannsóknin sýnir að það eru ungar konur sem eru í mestri hættu á að verða fyrir ofbeldi. Því þarf að beina athyglinni alveg sérstaklega að þeim þegar rætt er um aðferðir til að hindra ofbeldi gegn konum. Í Ístanbúlsamningi Evrópuráðsins eru settir fram staðlar um hvernig aðstoða skuli þolendur kynbundins ofbeldis. Þessa staðla þarf að kynna og innleiða.

Við erum hönnuð til að vera heilbrigð en hver manneskja er ein heild, líkami og sál. Það sem

brýtur á sálinni brýtur á líkamanum. Í fáu er þessi sannleikur jafn skýr og í áhrifum ofbeldis á líkamann, hvort sem ofbeldið sjálft er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. Stórar rannsóknir sýna að þau sem verða fyrir ofbeldi eru í meiri hættu á að fá ýmsa alvarlega sjúkdóma. Ræða þarf því ofbeldi sem lýðheilsuvandamál. Mikilvægt er að auka þekkingu á ofbeldi og áhrifum þess, taka á vandanum með samstilltu átaki allra aðila og vinna markvisst að því að útrýma því.
